# CQ TF

1. tbl
18. árg
febrúar
2000

Í CQWW SSB keppninni á síðasta ári fengu T leyfishafar að operera klúbbstöðina í fyrsta skipti á HF undir stjórn HF leyfishafa. Frá vinstri eru: TF3WOT, TF3VDT, TF3RJT, TF3AO og fyrir framan eru: TF3MLT og TF3HP. Myndina tók TF3VS

## Í þessu blaði:

Frá Ritstjóra ..... 2
Frá formanni ..... 3
Fundargerðir stjórnarfunda ..... 4
Ferðin til Zulu Lima ..... 5
Gjöf til félagsins ..... 7
Ný tæki í klúbbstöðinni ..... 7
Útbreiðsla endurvarpa ..... 8-10
Kallsvæðaskipting Íslands ..... 11
Ný digital forrit ..... 12
Lágspenna lífshætta ..... 13
Endurvarpar ..... 14
Úr ýmsum áttum ..... 15
Fundur POF og ÍRA ..... 16

**ÍRA er landsfélag Íslenskra Radíóamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radíóamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.**

**Helstu markmið félagsins eru:**

a. *Gæta hagsmuna radíóamatöra í hvívetna.*
b. *Efla kynningu og samstarf meðal radíóamatöra innan lands og utan.*
c. *Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radíóviðskiptum.*
d. *Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.*
e. *Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.*
f. *Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radíófjarskipta.*
g. *Örva radíóíþróttir meðal radíóamatöra.*
h. *Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.*
i. *Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.*

**Í stjórn ÍRA 1999-2000 eru:**
**Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP**
**Varaformaður: Heimir S. Jónsson TF3TXT**
**Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS**
**Gjaldkeri: Guðjón H. Egilsson TF3WOT**
**QSL Manager: Bjarni Sverrisson TF3GB**
**Varamaður: Friðrik Kristjánsson TF3FK**
**Varamaður: Halldór Christensen TF3GC**

**CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radíóamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.**

**Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.**

**Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158.**

**Vefsíða ÍRA er á slóðinni: http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó**

**Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radíóstöðva.**

**Allir áhugamenn um fjarskipti og radíótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.**

# Frá ritstjóra

## *Brynjólfur Jónsson TF5BW*

Ekki er hægt að segja annað en að undanfarin 3-4 ár hafi starfsemi ÍRA verið með meiri blóma en oft áður.
Félagið komst í nýtt húsnæði, sem reynst hefur ágætlega og þrátt fyrir að ekki væru allir ánægir með Þróttheima í upphafi þá tel ég að reynslan hafi sýnt að þetta var farsæl lausn á húsnæðisvanda félagsins.
Aðgengi okkar að húsinu hefur aukist með tímanum og nú hyllir undir það að við fáum sér herbergi fyrir okkar starfsemi á neðri hæð hússins og bætir það alla okkar aðstöðu til muna. Nú verður hægt að hafa félagsstöðina uppi öllum stundum og ætti hún að geta verið í loftinu þó önnur starfsemi sé í gangi í húsinu. Þetta mun þó sennilega hafa þann ókost að við verðum að fara að greiða einhverja húsaleigu, sem við höfum hingað til ekki þurft að gera, en hver hún verður er ekki vitað á þessari stundu.
Það má kannski segja að þó beri einn skugga á að ekki er vitað hve lengi félagsmiðstöðin fær að hafa húsið en eins og allir vita þá hefur staðið til að selja Þróttheima. Ekki er vitað hvort og hvenær af því verður og á meðan skulum við njóta meðan við höfum.
Það að ÍRA hefur ekki þurft að greiða húsleigu hefur gert félaginu kleift að nýta félagsgjöldin til annarra þarfa. Félagsstöðin hefur verið endurnýjuð. Endurvarpar keyptir og lagaðir og CQ TF hefur komið út reglulega í 3 ár svo eitthvað sé talið. Allt kostar þetta umtalsverða peninga, sem félagið á þó ekki of mikið af, þrátt fyrir mikla sjálfboðavinnu sem að sjálfsögðu ber að meta.
Námskeið hafa verið haldin og er eitt þeirra að byrja um þetta leiti. Mikil vinna hefur verið lögð í tillögur félagsins til endurnýjunar reglugerðar um radíóleyfi áhugamanna. Keppnisþátttaka fer vaxandi þó alltaf mættu fleiri láta sjá sig. Tvö ár í röð hefur verið tekið þátt í Vita Gamninu frá Knarrarósvita og ÍRA félagar voru á landsmóti skáta í fyrra.
Þrátt fyrir blómlega starfsemi heyrast þó öðru hvoru úrtölu raddir um að ÍRA geri ekki þetta eða hitt. En hvað er ÍRA? ÍRA er ekkert annað en félagarnir sem í því eru og þeir eru ekkert mjög margir. Eitthvað um 100 manns eftir því sem stendur í ársreikningum félagsins frá því í fyrra. Og af þessum 100 eru ekki margir sem eru virkir í félagsstarfinu. Fái einhver góða hugmynd að einhverju sem félagið ætti að standa að þýðir lítið að velta framkvæmd hennar yfir á einhvern annan og segja svo "félagið gerir ekkert" heldur verður að vinna henni fylgi og fá menn með sér og standa síðan sjálfur fyrir framkvæmdinni því fáir stjórnar- og embættismenn félagsins hafa ekki tíma til að standa fyrir öllu sem félagið ætti og gæti staðið fyrir.
Gleðilegt ár og þakka fyrir samstarfið á liðnum árum.

TF5BW

# Frá formanni

## *Haraldur Þórðarson TF3HP*

Ágætu félagar.

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir liðið. Síðasta ár var að ég held gott ár fyrir amatörradíó á Íslandi. Gott námskeið var haldið fyrir nýliða og þar tóku próf 10 manns en því miður eru ekki allir komnir í loftið enn.

Nefnd um endurskoðun á reglugerð um amatörradíó lauk störfum og var haldinn almennur félagsfundur um kynningu á þessu mikla efni. Var að ég held, víðtæk ánægja um hvernig til tókst af þeirra hálfu, og nú er það stjórnarinnar að fylgja því eftir. Er fyrirhugað að halda kynningarfund fyrir yfirvöld fjarskiptamála í byrjun næsta mánaðar með fulltrúum Póst- og fjarskiptastofnunar. Aðalfulltrúar fyrir ÍRA verða þeir Kristinn Andersen og Vilhjálmur Sigurjónsson. Af hálfu Pof ætlar Gustav Arnar, yfirmaður stofnunarinnar, að hafa umsjón með viðræðunum, amk. fyrst um sinn. Persónulega er ég mjög bjartsýnn á þessar viðræður og tel að þær ættu að geta gefið okkur gott tækifæri á að koma okkar sjónarmiðum á framfæri.

Víða um heim var mikill viðbúnaður vegna áramótanna og voru radíóamatörar víðast fengnir til þess að vera á viðbúnaðarstigi með tæki sín og tól. Nema ekki hér á landi. Það var ekki rætt við okkur um neyðarfjarskipti og skrýtið og í reynd hlálegt að leigubílar með talstöðvar voru settir á hin ýmsu gatnamót í Reykjavík og í nágrannabyggðum. Með þessu er ég ekki að kasta neinu að leigubílstjórum heldur tel ég að þetta sé okkar vandamál að miklu. Einfaldlega höfum við sjálfir ekki staðið okkur í stykkinu við að kynna okkur fyrir þeim yfirvöldum sem málið varðar, þátt fyrir að nokkur hópur af amatörum hafi verið í samstarfi við Almannavarnir ríkisins og má þar nefna Samvarðar-æfingu sem var hér fyrir tæpum þrem árum og nú mun sennilega vera áætluð ein ný núna í sumar. Ekki hefur verið unnt fyrir félagið að fá neina fjárhagslega styrki. Við höfum þó ekki reynt af miklu afli til þess, en ég held því miður að sú neyðarþjónusta sem við ættum að standa fyrir og er gert víðast erlendis hafi ekki komið fram fyrir augu almennings. Hvað ætli séu margir t.d.. sem vita um að það voru amatörar sem settu upp og áttu fyrsta endurvarpann á metrabylgju og Almannavarnir ríkisins notuðu hann og hann er ennþá inní myndinni sem neyðarfjarskiptabúnaður fyrir almenning?

Nú er líklegast að rætast úr húsnæðisvandanum amk. um stund. Okkur hefur boðist aukið húsrými í Þróttheimum. Um 20 fermetra herbergi á fyrstu hæð auk þess að við höfum aðgang að setustofu og einskonar fundarherbergi. Reyndar er þetta þannig að við verðum nú í fyrsta skipti í langan tíma að borga húsaleigu. Varðandi hversu lengi við fáum að vera í Þróttheimum er samt enn allt á huldu. Við því verður að bregðast þegar að því kemur.

Nú þessa daganna eru hröð umskipti á hinum frjálsa fjarskiptamarkaði og er enn eitt þessara kerfa, svokallað TETRA kerfi, í undirbúningi. Jón Þóroddur Jónsson, TF3JA, hefur boðist til þess að kynna þessa nýjung fyrir okkur og er áætlað að hann komi á fimmtudagskvöldið 10 febrúar nk. kl. 20:30 í Þróttheima.

73 TF3HP , formaður Í R A

**CQ IRA CQ IRA CQ IRA**

**Nú er svo komið að ÍRA hefur fengið sér herbergi í Þróttheimum fyrir starfsemi sína. Formaður fékk lyklana afhenta í morgun og í kvöld verður þegar hafist handa við að koma tækjum og búnaði fyrir.**

**Herbergið er á neðri hæðinni, uþb. 20 m2 og með því fylgir afnotaréttur á fimmtudagskvöldum af sal og setustofu á þeirri hæð. Er að vænta þess að þetta auki möguleika okkar þónokkuð, t.d. varðandi keppni og smíðar.**

**Enn er ekki ljóst hve lengi þessi aðstaða er okkur heimil, en eins og áður hefur komið fram eru borgaryfirvöld að reyna að selja húsið og flytja starfsemina eitthvert annað, ekki er enn vitað hvenær og hvert.**

**En, er á meðan er, og hvetjum við félaga til að koma í Þróttheima og skoða og þá ekki síður að skrá sig á lista sjálfboðaliða til að vinna að þeim breytingum og endurbótum sem þarf að gera, koma upp borðum og hillum; færa loftnetskapla og fleira og fleira.**

**73, Stjórn ÍRA**

# Fundargerðir stjórnarfunda

## *Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS*

Stjórnarfundur haldinn 8. 12. 1999 að Gunnarsbraut 36 kl. 21:00

Mættir TF3HP, TF3GB, TF3VS, TF3WOT; TF3TXT kom um 21:30

1. Rætt um væntanlegt námskeið, tilhögun og framkvæmd. Ekkert er því til fyrirstöðu að geta byrjað í annarri viku janúar nk. og verði þá stefnt að prófi í apríl lok. Til kennslu hafa fengist þeir TF3RB, TF3DKT, TF3HKT, TF3DX, TF3KX, TF3GW og TF3AX tekur morskennsluna að sér. Hafa þeir sem eiga heimangengt verið kallaðir til skrafs og ráðagerða í Þróttheimum þ. 9. 12. nk.

2. Þær fréttir hafa borist frá TF1MM að hann sé kominn með ástralskt leyfi, og er hann VK8CW. Standa vonir til að þetta opni íslenskum amatörum greiðari leið að leyfi þar en verið hefur.

3. Formanni hefur borist bréf frá endurskoðanda félagsins, TF3DC, varðandi innheimtu félagsgjalda. Erindið kynnt í stjórn og vísað til gjaldkera.

4. Bréf hefur borist frá Póst og fjarskiptastofnun um að þeir hafi í hyggju að fullgilda íslenskt amatörpróf sem HAREC samræmt. Stjórn, að höfðu samráði við prófnefnd, fagnar þessu og mælir með að það verði tekið upp svo fljótt sem auðið er.

5. Nokkuð hefur verið á seiði í endurvarpamálum undanfarið. POF hefur veitt leyfi fyrir nýjum endurvarpa í Bláfjöllum, TF3RPE, og er hann hýstur í húsakynnum Landssímans. Er þar um að ræða notað tæki, sömu gerðar og 'Pétur', sem félaginu áskotnaðist að gjöf. Var hann bilaður, en þeir TF3GW og TF3LJ hafa nú komið honum í gott lag. Þá hefur 'Búri' verið færður á Rjúpnahæð í tilraunaskini, vegna viðgerða og prófana. TF3LJ hefur gert útbreiðsluspákort fyrir endurvarpana og er það aðgengilegt á netinu.

6. TF3VD hefur sent stjórn ÍRA bréf með tillögum að breytingum á tillögum prófnefndar um reglugerð fyrir íslenska amatöra. Eru þetta einu breytingatillögurnar sem hafa borist stjórn vegna þessa máls og sýnir það trúlega hversu vel prófnefnd hefur unnið að sínum tillögum. Bréf TF3VD hefur verið kynnt prófnefnd og stjórnarmönnum, en ekki hefur enn verið tekin afstaða til þess.

7. Samþykkt var einum rómi að þakka TF3KB fyrir vel unnin störf á þingum amatöra í haust, en stærstur hluti síðasta CQ-TF var frá honum um það efni.

Fundi lauk kl. 23:30

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur haldinn þ. 12. 1. 2000 að heimili varaformanns, Tryggvagötu 6 kl. 20:45

Allir stjórnarmenn mættir

1. Bréf hefur borist frá TF3JA, þar sem hann fer fram á umsögn til Pof vegna umsóknar sinnar um kallmerkið TF2000, sem skuli verða ósvæðisbundið, notað af ýmsu tilefni þetta ár. Einnig hefur frést á skotspónum um að TF3GX hafi sótt um sama kallmerki til að nota á Þingvöllum í sumar. Samþykkt er að mæla með því til Pof að leyfi verði veitt fyrir kallmerkinu, telji stofnunin það samrýmast þeim reglum sem farið er eftir.

2. Bréf hefur borist frá Radióskátum þar sem þeir æskja fulltingis ÍRA við undanþágu fyrir T-leyfishafa til að hefja sambönd á 'Skátamóti í loftinu' helgina 19-20 feb. nk. Í ljósi góðrar reynslu á þessu fyrirkomulagi fyrr í vetur í CQ WW keppni er einróma mælt með stuðningi við erindið.

3. TF3VD hefur skrifað stjórn ÍRA og óskað eftir meðmælum fyrir B-leyfi. Afrit stöðvardagbókar fylgir og reynist uppfylla öll skilyrði skv. venjum. Einróma mælt með stuðningi við erindið.

4. Boð hefur borist frá forstöðumanni Þróttheima, en félaginu mun standa til boða aukin aðstaða í félagsheimilinu um stundarsakir amk. Stjórnarmenn eru kallaðir á fund í Þróttheimum vegna þessa kl. 11:00 þ. 13 nk. og ætla TF3HP, TF3GB og TF3VS að mæta fyrir ÍRA.

5. TF3JA hefur haft munnlegt samband við formann og ítrekað boð sitt, sem hann setti fram á félagsfundi á síðasta ári, um að halda Norrænu refaveiðikeppnina í sumar á landi sínu á Austurlandi. Erindinu er fagnað og formanni falið að tjá TF3JA að halda ótrauður áfram undirbúningi.

6. Gjaldkeri hefur kannað kostnað við að innheimta félagsgjöld, þeirra sem þess óska, með sjálfvirkri færslu á greiðslukort. Kostnaður er öllu minni en með núverandi kerfi, en þægindi öllu meiri. Gjaldkera falið að vinna að málinu og bjóða þetta sem valkost framvegis.

7. Rætt lauslega um fjárhag félagsins, en nú hafa verið gerðar upp helstu skuldir, s.s. FT-1000 stöðin.

8. Rætt um komandi námskeiðahald. Ákveðið að námskeiðsgjald skuli vera 7500 kr. og fylgi þá í því

Framhald á síðu 14

# Ferðin til Zulu Lima Fyrsti hluti ZL3

*Vilhjálmur Þ. Kjartansson TF3DX*

Sólblettir voru í lágmarki þegar ég byrjaði feril minn sem TF3DX árið 1963, enda voru fjarlægari hlutar Evrópu og austurströnd Bandaríkjanna DX í huga okkar félaganna þá. Ég horfði stundum á Nýja-Sjáland á kortinu og sá í hillingum að einhvern tíma í blámóðu framtíðar tækist mér kannski að ná þangað sambandi, þó ekki væri nema einu sinni á ævinni. Aldrei heyrði ég svo mikið sem múkk í ZL eða VK á þessum árum.

Þegar ég datt aftur í DXinn í ársbyrjun 1991, fann ég fljótt að hægt var að hafa sambönd við þessi lönd ef tíðni og tími voru rétt valin. ZL sker sig úr, það bregst varla á 20 m milli klukkan hálf sjö og sjö að morgni. Stundum eru einustu merkin sem heyrast frá ZL! Ég eignaðist fljótlega marga góða CW-kunningja þar í landi sem ég á oft löng QSO við, jafnvel dag eftir dag.

31. maí 1999 lenti ég á alþjóðaflugvellinum í Auckland eftir hálfs sólarhrings flug frá Tokyo. Skrítið hvað það er langt á milli staða þarna í Kyrrahafinu, frá Íslandi séð er þetta allt sama heimshornið! Hannes Högni, sonur minn, var rétt á undan mér með flugi frá Los Angeles, en hann kom frá Boston þar sem hann er við nám. Við hefðum kannski hist þarna ef mín vél hefði ekki verið dálítið á eftir áætlun, en Hannes flaug áleiðis til Christchurch um klukkustund á undan mér. Nýja-Sjáland skiptist í tvær stórar eyjar, Norður- og Suðurey, og er Christchurch helsta borgin á þeirri síðarnefndu. Hún var reist til að vera enskari en England og fyrstu landnemarnir urðu að leggja fram vottorð sóknarprests síns í gamla landinu í þá veru, að umsækjandinn væri "sober, industrious and honest" og fjölskyldan öll meðal besta fólksins í sókninni.

Það urðu fagnaðarfundir með okkur feðgum, við heimtum farangur okkar og hinum megin við tollinn beið Graham Roberts, ZL3RG. Við höfum aldrei haft reglulega skedda, en hann hefur oft tekið rispur og verið á 14,034 MHz dag eftir dag til að kanna með mér stöðugleika skilyrðanna. Líklega er hann sá amatör í ZL sem hefur haft QSO við flesta T-effara, a.m.k. í seinni tíð.

Graham hafði ekki tekið annað í mál, er ferðina bar fyrst á góma, fingurgóma reyndar sem studdu á morslykil, en að hýsa okkur. Nú kom hins vegar í ljós að á þeim 2 vikum sem ég hafði verið á Tævan og í Japan, höfðu mál skipast óvænt hjá honum. Hann hafði lengi gælt við þá hugmynd að reyna fyrir sér í Ástralíu, og allt í einu hafði það runnið upp fyrir honum og konunni að það væri ekki eftir neinu að bíða, kominn á sextugsaldur og börnin uppkomin. Það væri nú eða aldrei! Hann var því búinn að segja lausu starfi sínu sem framkvæmdastjóri brugghúss til margra ára, ráðstafa húsinu í leigu og tæma allt nema sjakkinn, loftnetin komin niður og brottför til Ástralíu á næstu dögum!

Graham keyrði okkur fyrst heim til sín og sýndi okkur tómt húsið, hálfan loftnetsturninn, sem fær að standa fyrst um sinn, og sjakkinn sem hann ætlaði

"The ZL3 Connection"
Robert ZL3ARM, Graham ZL3RG nú VK4GRR, Villi TF3DX, Duncan ZL3JT og Bob ZL3RK

að pakka saman daginn eftir. Þó ekki væri hægt að fara í loftið, gátum við Hannes þó sinnt erindum okkar á internetinu. Graham sýndi okkur miðbæinn og ók okkur síðan á fyrirtaks mótel, Canterbury Court nærri húsi sínu. Kom á daginn að hann leyfði okkur ekki að borga neitt sjálfir þó við dveldum þar í tvær nætur.

1. júní heilsaði okkur með glampandi sól og besta sumarhita á okkar mælikvarða, þótt þarna væri miður vetur. Að vísu töluðu innfæddir um einstaklega milda tíð. Við Hannes fórum gangandi í bæinn, og á árbakka við Hagley Park áðum við á litlum veitingastað við bátaskýli, Antigua Boat Shed. Þar snæddum við ágætan hádegisverð utandyra í félagsskap máva og annara fugla.

Eftir rölt í miðbænum hittum við ZL3RG á fyrir fram ákveðnum stað, og hann keyrði okkur út í University of Canterbury, þar sem Bob Kirk ZL4RK kynnti mig fyrir kollegum mínum og sýndi mér skólann. Hann er konrektor á rannsóknarsviði. Síðan fór hann með okkur í bíltúr til Lyttleton, en það er hafnarbær við lítinn og þröngan fjörð sem er afbragðs höfn frá náttúrunnar hendi, Lyttleton Harbour. Leiðin er um 5 km frá útjaðri Christchurch og liggur að hluta í gegnum nýleg göng undir lágan fjallgarð. Til baka fórum við upp í hæðirnar og nutum sveitasælu og sólarlags.

Þegar í bæinn kom fór Bob með okkur heim til Duncan, ZL3JT. Hann er vélsmiður og rekur eigið verkstæði heima við. Ósjálfrátt varð mér hugsað til TF3OF, þeir eru svona svipaðar grúskaratýpur. Út frá verkstæðinu hefur Duncan byggt nettan en vel skipulagðan sjakk, og auðvitað er loftnetsturninn heimasmíðaður með sérhönnuðum fellibúnaði. Mér fannst mikið til koma hve allt var snyrtilegt og haganlega fyrir komið, bæði í sjakknum og á verkstæðinu.

QSL kortin eru í stafrófsröð í skjalaskúffum, og Duncan var ekki augnablik að fiska fram kortið mitt. Þetta er óskastaða DX-arans, að geta hlustað með vinnunni og teygt sig í lykilinn þegar sá guli birtist!

Nú var klukkan hálfsjö að kvöldi, m.ö.o. hálfsjö að morgni heima og ég sagði að nú væri besti tíminn fyrir TF. Duncan stillti inn á 14,034 MHz og við heyrðum samstundis "ZL/TF3DX de TF3...", Kristján TF3KM og Halldór TF3GC voru að kalla mig! Duncan setti okkur svo á pallinn á verkstæðisbílnum og skutlaði okkur svo heim á mótel. Við ætluðum að skvera okkur svolítið til fyrir matinn, og við ákváðum að hittast á krá nærri mótelinu. Auk okkar Hannesar komu þar Graham ZL3RG, Duncan ZL3JT, Bob ZL3RK og Robert ZL3ARM. Kim ZL3KIM komst ekki vegna vandræða heima fyrir, en það var hann sem ásamt Robert stóð fyrir því að ég fékk "Brass-Pounders Award" klúbbsins í Christchurch árið 1993, fyrstur útlendinga. Við sátum við stórt kringlótt borð, svo úr þessu varð ekta "round-table QSO".

Mikið var spjallað um skilyrði, norðurljós, CW og QRP. Kom í ljós að Duncan var mjög fróður um jónhvolfið og bylgjuútbreiðslu, og yfirleitt vissu þessir kallar allir mikið um sitt hobbí. Það vissi ég svo sem fyrir úr QSOum við þá. Ég lét þess getið að

ZL3JT og TF3DX

það væri ein stöð í Christcurch sem ég hefði oft heyrt en aldrei náð sambandi við, "..a certain lady by the name Gina that always eludes me". Þá urðu þeir býsna kímnir á svip og sögðu að hún hefði svo sannarlega verið "elusive lady" á árum áður, væri sem sé kynskiptingur. Ég hef bara heyrt hana hafa QSO við ókunnuga, stutt og ópersónuleg. Stundum hefur mér þótt með ólíkindum annað en að hún hafi

Framhald á blaðsíðu 14

# Gjöf til félagsins

*Bjarni Sverrisson TF3GB*

Það var í byrjun nóvember að Níels Kristjánsson, TF3NJ eða VE6NJK, sem búsettur hefur verið í Kanada, kom hingað til lands vegna starfa sinna hjá flugfélaginu Atlanta. Að sjálfsögðu heimsótti hann klúbbinn ( ÍRA ), kannaði tækjakostinn og hafði nokkur sambönd auk þess að spjalla við félagana.

Samböndin gengu þokkalega enda tækjakostur fremur góður nema gamli Heathkit raflyklarinn, sem var eitthvað óþjáll. Hafði Níels orð á því að félagið yrði að eignast betri lykil.

Hverfur nú Níels aftur til Kanada og veit undirritaður ekki fyrr en nýverið að sending kemur frá

Myndin er af BY-2 sem eru mjög svipaðar pöllur

honum í pósti. Er þar kominn morselykill af gerðin Bencher BY-1 iambic, sem hann sendir félaginu að gjöf.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um gæði lykilsins, því Bencher Inc. er í fremstu röð framleiðenda slíkra lykla. Lykillinn er góð viðbót við tækjakost félagsins ásamt Kílówattinu sem Bjarni, TF3BM, færði félaginu að gjöf í haust er leið. Gaman er að sjá slíka velvild í garð félagsins.

Hafið einlægar þakkir fyrir.

TF3GB

**Ný leitarvél á netinu HamFind er á**
**http://www.hamfind.com/**

# Ný tæki í Klúbbst.

*Ársæll Óskarsson TF3AO*

Eftir ágætan árangur í CQ WW SSB keppninni í lok október s.l., þar sem náðust tæplega 3500 sambönd, þótti þeim sem þátt tóku að kominn væri tími til að félagið fjárfesti í almennilegum heyrnartólum með hljóðnema, eftir að hafa uppgötvað eftir keppnishelgina hversu þreytandi það getur verið að halda á hljóðnema með annarri, og "logga" með hinni í miklu "pile-up". Var það að ráði að lagt var fyrir stjórn félagsins að hlutast til um að gerðar yrðu úrbætur á þessum búnaði klúbbstöðvarinnar. Var mér falið það verkefni að útvega góðan búnað á sem hagkvæmustu verði tæki til þessara nota og kom ekkert annað í mínum huga en að kaupa vörumerkið: Heil. Nú af hverju þetta en ekki eitthvað annað. Heil hefur

sýnt og sannað að það er það merki sem helstu keppnisstöðvar og "DX-peditionar" hafa notað með góðum árangri.

Nú búnaðurinn kom til landsins um miðjan desember, en hann samanstendur af Heil Pro Set höfuðtólum með HC-4 "DX Dream Machine" hljóddós en í viðbót við þetta var keyptur FS-1 fótrofi. Þeir sem vilja kíkja á heimasíðu Heil og fræðast meira um þennan búnað, þá er hún: www.heilsound.com/heilprod.htm.

Búnaðurinn hefur rétt aðeins verið prófaður við klúbbstöðina og fengust ágæt svör við spurningum um hljómgæði.

Framhald á blaðsíðu 14


B



B


S

# Kallsvæðaskipting Íslands



# Ný Digital forrit

## *Heimild QTC Amatörradio*

Á Internetslóðinni http://www.geocities.com/Athens/Cyprus/4345/ er að finna fjögur forrit sem nýta, meira og minna, hljóðkort tölvunnar.

Efst til vinstri er YVCW en þar er hægt að sjá graf af innkomandi merki og skrifa texta sem á að sendast. Einnig eru minni þar sem hægt er að geyma staðlaðar sendingar. Merki sem sýnt er á myndinni er SSB merki. Þetta forrit er ókeypis.

Næst fyrir neðan er YVF sem er DSP filter. Vinstramegin á þeirri mynd er merkið sem þú ert að taka á móti. Síðan er hægt að stilla hvað heyrist í hátalaranum. Á myndin er sýnt SSB merki. Þetta forrit er einnig ókeypis.

Neðst er síðan Rabbit sem er Radíódagbók með allskonar möguleikum.

Hægramegin er SQ sem er endurvarpaforrit þar sem hægt er að geyma myndir og tal og senda síðan aftur. Tvö síðastnefndu forritin eru ekki ókeypis en hægt er að ná sér í "Demo" af þeim til prufu og SQ er hægt að opna 33 sinnum áður en þarf að kaupa það en Radíódagbókina 7 sinnum.

Höfundur þessa forrita er Vladimir Ovdiyenko, UT1YV.



# Lágspenna lífshætta

*Ágúst H. Bjarnason TF3OF*

*Grein þessi byrtist í CQ TF fyrir 34 árum*

Margir radíóamatörar hafa oft sloppið naumlega frá dauða, er þeir hafa verið að vinna við tæki sín. Væri því ekki úr vegi að rifja upp nokkur atriði í því sambandi.

Maður gæti haldið, að 1000 volt væru mun hættulegri en 100 volt. En svo er ekki alltaf. Það er straumurinn, en ekki spennan sem veldur skaða. Straumurinn er reyndar háður spennu og viðnámi, en þar sem viðnámið í mannslíkamanum er svo mismunandi, er ómögulegt að telja eina spennu hættulega, en aðra hættulausa.

Viðnám mannslíkamans gegn rafstraumi skiptist milli innra viðnáms, eins og mælast myndi milli tveggja opinna sára, og viðnáms húðarinnar. Innra viðnám er breytilegt frá um 100 ohm milli eyranna (ef ekki er gert ráð fyrir miklu tómarúmi þar á milli), til um 500 ohm milli handar og fótar. Viðnám húðarinnar er allt að því 500.000 ohm ef hún er þurr, en aðeins um 1000 ohm ef hún er rök.

Rafstraumurinn skemmir líkamann á a. m.k. þrjá vegu: 1) Hann skemmir eða truflar rétta starfsemi taugakerfisins og hjartans. 2) Hann brennir líkamann. 3) Hann veldur samdrætti vöðvanna, svo að viðkomandi getur ekki sleppt takinu á straumgjafanum. Fyrsta atriðið á að öllum líkindum sök á flestum dauðsföllum. Venjulega slær hjartað um 60-70 slög á mínútu undir stjórn innbyggðs gangráðs. Rafstraumurinn getur truflað starfsemi þessa gangráðs á tvo vegu: Hann, getur valdið því, að hjartað fari að slá mjög ört, en þó með minni afkastagetu (ventricular tachycardia). Straumstyrkur milli 100 og 200 ma veldur því, að hjartað slær mjög máttleysislega og óreglulega (ventricular fibrillation). Þótt einkennilegt kunni að virðast, þá hefur maður meiri möguleika á því að sleppa lifandi, ef straumstyrkurinn er meiri en um 200 ma., því þá lokast hjartað algerlega og kemur þannig í veg fyrir "ventricular fibrillation". Er þá oftast hægt að bjarga fórnarlambinu með gerviöndun. En ef straumurinn, er fer í gegnum hjartað, er 100-200 ma., getur enginn mannlegur máttur komið til hjálpar.

Ef straumurinn er aðeins um 1 ma. finnur maður aðeins til örlítils kitls í húðinni, en sé hann aukinn, fara vöðvarnir að herpast saman. Venjulega getur maður losað sig, ef straumurinn er undir 6-10 ma., en sé hann meiri, missir maður stjórn á vöðvunum og getur festzt við straumgjafann. vöðvasamdrátturinn getur verið svo öflugur, að hann brjóti hreinlega bein í líkamanum.

Til "gamans" ætla ég að greina frá því, hvernig glæpamenn eru aflífaðir í rafmagns-stólnum. 2000 volt einfasa riðstraumur er tengdur við tvö blaut svampskaut, sem fest eru við rakað höfuðið og annan fótlegginn. Spennan er síðan strax lækkuð niður í 500 volt og síðan hækkuð og lækkuð á víxl, með um 30 sek. millibili í um 2 mínútur. Straumstyrkurinn er þá 4 - 8 amper. Hjartsláttur og öndun hættir strax og straumur er settur á, og talið er, að meðvitund hverfi sömuleiðis strax. Líkamshitinn hækkar geysilega við aftökuna og efnabreyting verður á blóðinu. Við skulum skipta um umræðuefni, því þið eruð eflaust orðnir náfölir og farnir að finna til velgju.

Því er haldið fram, að riðstraumur sé fjórum til fimm sinnum hættulegri en rakstraumur. Hann veldur bæði öflugri samdrætti vöðva og örvar svitamyndun, en við það lækkar viðnám húðarinnar. Tíðni riðstraumsins skiptir mjög miklu máli. Því miður er hættulegasta tíðnin um 50 rið/sek., en það er einmitt tíðni straumsins, er við fáum frá orkuverunum. Þó spennan sé aðeins 25 volt, getur hún valdið dauða. Aftur á móti er riðstraumur með hærri tíðni en um 1000 rið/sek. álíka hættulegur og rakstraumur.

Áður en maður fer að vinna við rafmagnstæki, ætti maður að fullvissa sig um að það sé ekki í sambandi og afhlaða alla stóra þétta, t.d. með skrúfjárni, því þeir geta verið lífshættulegir. Ef nauðsynlegt er að vinna við tæki, meðan það er í sambandi, verður maður að gæta ýtrustu varkárni. Það er ágætur vani að hafa aðra hendina í vasanum, því það er margfalt hættulegra að fá rafstraum milli útlima en t.d. milli tveggja fingra. Fyrir alla muni skaltu ekki standa á röku steingólfi eða öðru vel jarðtengdu yfirborði.

Það er öruggara að fresta allri vinnu á "lifandi" tæki, ef maður er þreyttur eða syfjaður,

Ef komið er að manni, sem fastur er við straumgjafa, verður að rjúfa strauminn strax, eða losa manninn t.d. með þurrum viði, reipi. teppi o.s.frv. Mótstaða líkamans minnkar með tímanum vegna svita og brunasára, og er því mikilvægt að rjúfa strauminn, áður en hann nær hættulega sviðinu 100 200 ma.

Ef maðurinn er meðvitundarlaus, verður að hefja gerviöndun strax. því möguleikarnir á lífgun fara hraðminnkandi með tímanum. Ef ekki eru liðnar meir en þrjár mínútur frá losti. eru möguleikarnir á lífgun um 75%. En séu liðnar fjórar mínútur, eru möguleikarnir aðeins 14%, og jafnvel þótt það lánist að vekja fórnarlambið til lífsins, er ólíklegt, að það nái

sér nokkurn tíma, því heilinn þolir ekki súrefnisskort nema mjög skamma stund án þess að skemmast verulega.

Ekki má hætta gerviöndun fyrr en læknir hefur gefið úrskurð, því dæmi eru til þess, að menn hafi ekki sýnt hið minnsta lífsmark fyrr en eftir fjórar til átta stundir, og líkaminn hefur jafnvel verið farinn að stirðna, en það getur einnig verið einkenni losts, sem þarf ekki að vera ábending um dauða.

Ágúst H. Bjarnason, TF3OM

### Fundargerðir stjórnarfunda frh.

verði efni í Pixie tæki og morskennsla. Morsnámskeið eitt og sér kosti 2500 og Pixie efni eitt og sér 2500.

9. Leitað hefur verið lauslega eftir viðræðum við Póst og fjarskiptastofnun vegna reglugerðarbreytinga. Pof vísar erindinu til Gústafs Arnar og er ritara falið að fá fund með honum.

Fundi slitið kl. 11:30

Fundargerð ritaði TF3VS

### Ferðin til Zulu Lima frh.

heyrt í mér, og hvarflar að mér að hún viti að ég á marga kunningja í Christchurch og forðist QSO við þá sem kynnu að vita á henni deili. Reyndar fannst mér bæjarbragur býsna dreifbýlislegur allstaðar á Nýja-Sjálandi nema í Auckland, og gæti trúað að fólk eins og Gina verði fyrir einhverju aðkasti, það er eitthvað annað en í heimsborgunum San Fransisco og Reykjavík hi!

Að loknum góðum málsverði, bjórsopa og löngu spjalli, héldum við Hannes heim á mótel. Í býtið morguninn eftir stóð til að fljúga til Dunedin, ZL4, en meira um það næst.

73 de TF3DX

### Ný tæki í klúbbstöðinni frh.

Þá ber þess að geta að við höfum verið að koma okkur upp tölvu, 486/25Mhz, sem sett hefur verið upp eingöngu með DOS, til notkunar í keppnum. Í vinnslu er að koma upp í henni með aðstoð SB16 hljóðkorts, svokölluðum "páfagauk", en hann mun spara rödd keppnismanna við að kalla staðlaða frasa.

Með von um að fleiri komi við og taki þátt í keppnum í klúbbstöðinni, nú þegar við erum búnir að fá alvöru búnað á þessu sviði.

73 de TF3AO

# Endurvarpar

*Þór Þórisson TF3GW*

Undanfarið hefur hópur sá sem sér um endurvarpamál á vegum ÍRA verið að úthugsa næstu skref í uppsetningu á endurvörpum.

Um nokkurt skeið hefur verið staðsettur endurvarpi á Rjúpnahæð " Smali "þ.e. á 64°050'N, 21°51'V í um 120m hæð yfir sjávarmáli á Rx: 145.100 og Tx: 145.700 MHz og má segja að hann komi í stað Páls sem var í Kópavogi.

Einnig hefur verið settur upp endurvarpi " Páll " í Bláfjöllum sem gefur góða útbreiðsluaustur um suðurströndina ásamt uppsveitum suðurlands auk þess sem hann mundi vinna vel með Pétri á Skálafellinu.

Gert er ráð fyrir að krossbanderinn sem var staðsettur upp í Bláfjöllum verði settur upp á Búrfelli. Hann verður settur upp á gömlu UHF tíðninni og VHF tíðnina fyrir Páll í Bláfjöllum öfugri með 67Hz sítóni til þess að hann og Páll nái ekki að hengja sig saman.

Myndirnar þrjár, sem eru á blaðsíðum 8, 9 og 10, sýna útreiknaða (spá um) útbreiðslu Páls og Péturs. Útbreiðslan er reiknuð miðað við að á hinum endanum sé dæmigerð bílstöð , með 4dB loftneti í 2m hæð. Rauður litur sýnir staði þar sem búast má við merkisstyrk yfir 10uV, gult 5 – 10uV, grænt 2,5 – 5uV, blátt 1,25 – 2,5uV, fjólublátt 0,6125 – 1,25uV, ljósfjólublátt 0,3 – 0,6125uV. Rauðu og jafnvel gulu svæðin ættu að vera nothæf með 2W handstöð og gúmmíönd. Ef myndirnar eru prentaðar út í góðum litprentara á premium quality photo pappír verða þær mjög skýrar.

Vegna anna hjá undirrituðum og TF3LJ sem hefur unnið myndirnar vannst ekki tími til að útbúa myndir fyrir Smala, Tóta og væntanlegan Steingrím á Steingrímsfjarðarheiði en gert er ráð fyrir því að í maí blaðinu komi meiri og betri grein um endurvarpamál en eins og sést er margt þar á döfinni.

73 de TF3GW

# Úr ýmsum áttum

*Brynjólfur Jónsson TF5BW*

## The Giant Book of Electronic Projects-Volume 1

MFJ hefur sett saman í 340 blaðsíðna pappírskilju allar notenda leiðbeiningar fyrir hin vinsælu Vectronincs íhlutasett. Allir 24 kaflar bókarinnar innihalda samsetnigarleiðbeiningar, teikningar, prentplötuteikningar, íhlutalista og staðsetningu íhluta.

Bókin kostar USD 20.00 plús flutning. Pöntunarnúmer er MFJ-3501. Útgefandi er MFJ Publishing, Starkwille, MS 39759, USA

Heimild QST

**Til sölu**
**YAESU FT890**
**100W Transceiver f. 1.8 til 30 MHz, m. innbyggðum loftnetstuner. Tækið er svo til ónotað.**
**Uppl. gefur Stefán Arndal, TF3SA.**
**Símar 557 3230 og 553 3033.**
**Netfang: arndal@simnet.is**

## Breytingar á amatörtækjum.

Á vefslóðinni http://www.mods.dk/index.htm er að finna upplýsingar um allskonar breytingar á allskonar amatörtalstöðvum.

Heimild RadCom

## S.A.R.T.G

Scandinavinan Amateur Radio Teleprinter Group er komin með nýja heimasíðu og er umsjónarmaður hennar SM4LLP. Þar eru tenglar inná síður norrænu félaganna eins og EDR, NRRL, SRAL og SSA. Þeir telja víst ÍRA ekki til norrænna félaga.

Slóðin á þessa síðu er ekki tekin fram og þrátt fyrir töluverða leit ritstjóra á netinu þá fannst síðan ekki

Heimild QTC

**Næsta CQ TF kemur út í byrjun maí og þarf efni í það blað að hafa borist ritstjóra fyrir miðjan apríl.**

**Gjaldkeri minnir á félagsgjöldin**

# Frá fundi POF og ÍRA

*Myndirnar tók TF3KB*

# CQ TF

**ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA**

YAESU

**ZEUS TÖLVUR**

**NETT EHF**
**Furuvöllum 13**
**Akureyri**